

Aldarafmæli langlífasta fagtímarits Íslands fagnað í Iðnó



■ ■ ■ Próstur Haraldsson

Ragnheiður Gröndal og Pálmi Gunnarsson þöndu sína strengi á sviðinu í Iðnó.

Aldarafmæli hlýtur að vera að minnsta kosti einnar messu virði. Það þótti aðstandendum *Læknablaðsins* og buðu því til síðdegishófs í Iðnó við Tjörnina einn fagan vordag, 15. maí. Fjölmargir þáðu boðið og sýndu sig og sáu aðra í gamla leikhúsalnum. Þar voru læknar að sjálfsögðu í yfirgnæfandi meirihluta en núverandi og fyrrverandi starfsmenn létu líka sjá sig ásamt öðrum velunnurum blaðsins.

Núverandi ritstjóri blaðsins, Engilbert Sigurðsson, ávarpaði samkvæmið og má lesa orð hans hér í næstu opnu. Hann kallaði til sín ýmsa sem komið hafa við sögu blaðsins og er á engan hallað þótt nafn Arnar Bjarnasonar fyrrverandi ritstjóra sé nefnt fyrst. Hann fékk bók og blóm og aðrir voru líka leystir út með gjöfum.



Ásgeir Haraldsson barnalæknir, systkinin Magnús smitsjúkdómalæknir og María Soffía augnlæknir Gottfredsbörn, Védís Skarphéðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi og Próstur Haraldsson sem hefur lagt gjörva hönd á hvaðeina á *Læknablaðinu*, þó ekki borið blaðið út til áskrifenda.



Ljósmyndir Arnaldur Halldórsson

Þorbjörn Jónsson formaður Læknafélags Íslands fékk einnig orðið, óskaði blaðinu til hamingju og greindi frá ákvörðunum stjórnar LÍ um afmælisgjafir til blaðsins. Þar kemur tvennt til. Annars vegar ætlar félagið að styrkja skönnun og innsetningu *Læknablaðsins* frá upphafi á vefinn *timarit.is* og er það verk þegar langt komið. Hins vegar er ætlunin að fjárfesta í hugbúnaðinum ScholarOne til þess að halda utan um ritryni og aðra vinnslu fræðigreina sem birtast eiga í blaðinu og í framhaldi af því verður annað efni einnig unnið í sama gagnagrunni.

Helga Hannesdóttir færði blaðinu og félaginu að gjöf fjóra árganga af fyrirrennara *Læknablaðsins* sem afi hennar, Guðmundur Hannesson prófessor og fyrsti ritstjóri *Læknablaðsins*, handskrifaði, fjölrítaði og sendi til allra lækna landsins á árunum 1901-



Páll Ásmundsson fyrrum ritstjóri blaðsins (1972-1976) og Birna Þórðardóttir sem lengi þjónaði blaðinu sem ritstjórnarfulltrúi (1986-2001).



Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ árin 1999 til 2007 og Örn Bjarnason ritstjóri Lækna-
blaðsins 1976-1993 með viðurkenningu fyrir framlag sitt til blaðsins.



Gerður Gröndal lyflæknir, Kristín Sigurðardóttir bráðalæknir, María Soffía Gott-
fredsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir fíknlæknir, - þær virðast gleymdar í formalíni
og hafa yfirbugað öldrun.



Sigurður Yngvi Kristinsson blóðsjúkdómalæknir og Hjalti Már Björnsson bráðalæknir,
fyrir aftan þá er Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir að reikna út snittufjölda.



Ungliðar í læknastétt áttu fulltrúa, frá vinstri: Anna Stefánsdóttir, Karen Eva Hall-
dórsdóttir, Margrét Edda Örnólfsdóttir og Krístrún Aradóttir.

1904. Þessa árganga gaf Guðmundur Hannesi syni sínum sem lét
binda þá inn í bók sem Helga dóttir hans færði blaðinu og félaginu
til varðveislu og eignar.

Fyrir og eftir hina skipulögðu dagskrá léku tvær ungar tónlistar-
konur, Anna Sigurðardóttir og Eyrún Engilbertsdóttir, á píanó og
saxófón. Einnig birtust á sviðinu þau Ragnheiður Gröndal söngkona
og Pálmi Guðmundsson og fluttu nokkur lög við fögnuð gesta. Eins
og vaninn er leystist samkvæmið svo upp í almennt spjall og huggu-
legheit þar til gestir héldu aftur út í vorblíðuna.



Ásgeir B. Ellertsson taugalæknir, kona hans Eiríka Urbancic og Hildur Viðarsdóttir
heilsugæslulæknir.



Framkvæmdastjóri LÍ er Sólveig Jóhannsdóttir og með henni er Védís ritstjórnar-
fulltrúi. Baksviðs er Hávar Sigurjónsson blaðamaður Lækna-
blaðsins og Inga Þráins-
dóttir hjartalæknir sem sat í ritstjórn blaðsins 2009-2011.